

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um mannhvörf.

1. *Hvert er hlutfall óupplýstra mannhvarfa á Íslandi frá 1945, fyrir utan þá sem farist hafa við störf á sjó, samanborið við óupplýst mannhvörf annars staðar á Norðurlöndunum á sama tímabili, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn um mannhvörf á 125. löggjafarþingi (þskj. 286, 142. mál) þar sem fram kemur að samkvæmt bráðabirgða-samantekt séu 42 mannhvörf frá árunum 1945–99 óupplýst?*

Til að fá svör við spurningunni um óupplýst mannhvörf annars staðar á Norðurlöndunum frá 1945, annarra en þeirra sem farist hafa á sjó, var leitað til Interpol-skrifstofa í hverju landanna með milligöngu ríkislögreglustjóra og hafa svör borist frá Danmörku og Svíþjóð.

- Í svari frá Danmörku kemur fram að 292 einstaklingar hafi horfið frá árinu 1945 til 31. desember 2002. Hins vegar hafi 80 manns horfið á síðustu fjórum árum, eða frá 1999 til 31. desember 2002. Ekki er sundurgreint hvort í þessum upplýsingum sé einnig getið um þá er horfið hafa á sjó og það er ekki útskýrt í hverju mikil fjölgun mála frá 1999 liggur.
- Í svari frá Svíþjóð segir að ekki sé unnt að veita áreiðanlegar upplýsingar um horfna menn frá árinu 1945 til 1989. Frá 1990 liggja þessar upplýsingar fyrir samkvæmt tilkynningum til sænskra lögregluþingvalda um mannhvörf og þar sé einnig getið þeirra sem horfið hafa utan Svíþjóðar. Í svarinu er sagt frá fjölda þeirra sem horfið hafa á sjó og vötnum, en skipting þar á milli er ekki sundurgreind. Með þessum fyrirvara er svar sænskra lögregluþingvalda það að frá árinu 1990 til 2002 hafi borist 462 tilkynningar um horfna menn.
- Í tölum sem teknar voru saman af embætti ríkislögreglustjóra í tilefni af fyrirspurn til dómsmálaráðherra á 125. löggjafarþingi, þingskjal 286, 142. mál, um óupplýst mannhvörf hér á landi síðan 1944, „ef frá eru talin sjómanna“ eins og það er orðað, var getið um þá sem horfið hafa í vötn, ár og fossa. Óupplýst mannhvörf hér á landi frá 1945 til ársins 2002, annarra en þeirra sem farist hafa við störf á sjó, eru talin vera 47.

Eins og sjá má hér að framan er skráning málanna ekki með sama hætti í Danmörku og Svíþjóð. Upplýsingar frá Finnlandi og Noregi liggja ekki fyrir. Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra, hefur lagt mat á þær upplýsingar sem borist hafa og er það hennar mat að fjöldatölur sem byggt er á þyki ekki samanburðarhæfar.

2. *Er ráðgert að skipa sérstaka rannsóknarnefnd sem vinni að því að upplýsa mannhvörf?*

Í 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga er kveðið á um að lögreglustjórar fari með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Í 3. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er tekið fram að rannsókn skuli fara fram svo sem tíðkast hefur út af mannhvörfum, þótt ekki liggja fyrir sérstakur grunur um refsivert athæfi. Í öllum tilvikum fer fram rannsókn af hálfu lögreglu þegar grunur leikur á að maður hafi horfið og lögreglu berst tilkynning um hvarf hans.

Í lögregluglögum og reglugerð um stjórn lögreglurannsóknna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála, nr. 396/1997, eru ákvæði sem heimila lögreglustjórum að hafa með sér samstarf og ákveða hvernig það skuli vera. Ríkislögreglustjóri veitir lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum og við rannsókn máls getur hann sent staðarlögreglu aðstoðarlið, að höfðu samráði við lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi.

Sérstök rannsóknarnefnd sem hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn heyrir stjórnslulega undir ríkislögreglustjóra og starfar samkvæmt reglugerð nr. 401/1997. Dómsmálaráðherra skipar nefndarmenn til þriggja ára og var ný nefnd skipuð í júní á síðasta ári. Í tilefni af skipan þessarar nefndar hefur ríkissaksóknari gefið út leiðbeiningar og fyrirmæli til lögreglustjóra um skyldur þeirra, og samskipti við nefndina, og á síðasta ári setti ríkislögreglustjóri nefndarmönnum sérstaka starfslýsingu og verklagsreglur.

Af þessu leiðir að lagaumhverfi og stjórnslulegu skipulagi, sem snýr að leit að týndu fólki og rannsókn mannshvarfa, er vel fyrir komið með gildandi löggjöf og fyrirmælum sem sett hafa verið. Með því að setja á fót sérstaka rannsóknarnefnd sem færi með rannsókn mála, þegar grunur leikur á að maður hafi horfið, er hætt við því að samstarf nefndarinnar við lögregluna verði ekki þjálmt með sama hætti og milli lögregluliða og einstakra deilda innan lögreglunnar sem fara með rannsókn brota. Því er vandséð að skipun sérstakra rannsóknarnefnda mundi þjóna þeim tilgangi að efla rannsóknir mannshvarfa.